



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Fræðsluráð

Dags. 13. júlí 2022

Sendandi: Drífa Gunnarsdóttir, fræðslufulltrúi og

Málanúmer: 201801096

Jón Pétursson, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs:

Efni: Gjaldfrjáls 5 ára deild

Á 360. fundi fræðsluráðs þann 16. júní sl. var eftirfarandi niðurstaða bókuð í 4. máli er varðar leikskjöld á Víkinni:

Fræðsluráð felur fræðslufulltrúa í samráði við framkvæmdastjóra fjölskyldu- og fræðslusviðs að undirbúa minnisblað sem byggist á umræðum fundarins. Minnisblaðið verði með útfærslum á breyttri gjaldtöku sem verður kynnt á næsta fundi ráðsins.

Samkvæmt þeim umræðum sem fram fóru á umræddum fundi fræðsluráðs er hugmyndin sú að Víkin, 5 ára deild verði gjaldfrjáls upp að 6 eða 7 tímum frá 1. september 2022 og þá verði fæðisgjald fellt niður.

Neðangreindir útreikningar miðast við árgang 2017 sem er að fara á Víkina í haust og þær forsendur sem eru núna fyrir hendi, þ.e. fjöldi barna, vistunartíma, fæði og afslætti.

6 tímar gjaldfrjálsir

Fyrstu sex tímarnir verði gjaldfrjálsir. Sjöundi og áttundi tíminn verði kr. 5250 (eru kr. 3234 í dag) og níundi tíminn verði áfram kr. 8522.

Tvö börn eru með sex tíma vistun eða færri í dag. 46 börn er því með vistunartíma á bilinu 6,25-9 tíma. Í útreikningum er gert ráð fyrr að tímafjöldi haldist óbreyttur og greiði foreldrar **um 430.000 kr á mánuði í heildina fyrir umfram tímana sem gera frá 1.9.22-31.12.22 um kr. 1.720.000**. Gert er ráð fyrir að 40% afsláttur til einstæðra foreldra og námsmanna haldist en systkinaafsláttur verði ekki veittur af umfram tímum.

7 tímar gjaldfrjálsir

Fyrstu sjö tímarnir verði gjaldfrjálsir. Áttundi tíminn verði kr. 5250 og níundi tíminn verði áfram kr. 8522.

Sjö börn eru með sjö tíma vistun eða færri í dag. 41 barn er því með vistunartíma á bilinu 7,25-9 tíma. Í útreikningum er gert ráð fyrr að tímafjöldi haldist óbreyttur og greiði foreldrar **um 190.000 kr á mánuði í heildina fyrir umfram tímana sem gera frá 1.9.22-31.12.22 um kr. 760.000**. Gert er ráð fyrir að 40% afsláttur til einstæðra foreldra og námsmanna haldist en systkinaafsláttur verði ekki veittur af umfram tímum.

Áætlaðar tekjur af vistunargjöldum

Tekjur af vistunargjöldum frá 1.1.2022-31.12.2022 voru áætlaðar um 1.290.000 á mánuði sem eru þá um kr. 5.100.000 í heildina sem reikna má að verði tekjufall að frádregnum tekjum fyrir umframtíma.

Fæði

Fæðiskostnaður var áætlaður 520.000 kr. á mánuði eða um 2.080.000 kr. í heildina fyrir 1.9.2022-31.12.2022 sem reiknast þá sem aukakostnaður miðað við gjaldfrjálst fæði.

Niðurstaða (tölur námundaðar/meðaltal):

Tekjufall m.v. 6 tíma gjaldfrjálsa Vík 1.9.2022-31.12.2022:

Áætlaðar vistunartekjur:	5.100.000 kr
Fæðiskostnaður	2.100.000 kr
Tekjur fyrir umframtíma:	- 1.720.000 kr
Samtals tekjufall vegna gjaldfrjálsrar vistunar:	<u>= 5.480.000 kr</u>

Tekjufjall m.v. 7 tíma gjaldfrjálsa Vík 1.9.2022-31.12.2022:

Áætlaðar vistunartekjur:	5.100.000 kr
Fæðiskostnaður	2.100.000 kr
Tekjur fyrir umframtíma:	- 760.000 kr
Samtals tekjufall fyrir 7 gjaldfrjálsa vistunartíma:	<u>= 6.440.000 kr</u>

Árið 2023

Miðað við fyrrgreindar forsendur má áætla að tekjufall (vistun+fæði-tekjur fyrir umframvistun) fyrir allt árið 2023 verði um 13 - 14 milljónir fyrir 6 klst gjaldtöku en um 16 – 17 milljónir fyrir 7 klst gjaldtöku. Erfitt er að áætla þetta nákvæmlega þar sem börnum á Víkina mun fækka úr 48 í 38 haustið 2023. Einnig er spurning hvort tekið verði inn á Víkina fyrr í vor eins og var gert í ár.

Rétt er að benda á að útreikningarnir eru áætlaðir og reiknaðir út frá þeim forsendum sem við þekkjum í dag. Fjöldi barna, breytilegur vistunartími, inntaka á leikskólann og fjarvera barna vegna sumarfría eru m.a. þættir sem hafa veruleg áhrif á niðurstöðu útreikninga.